

# Hafnarstjórn

Þannig lagt fyrir  
bæjarstjórn 29.06.06.

## Stjórnskipuleg staða

Hafnarstjórn heyrir beint undir bæjarstjórn.

Hafnarstjórn fer með stjórnun Stykkishólmshafnar ásamt bæjarstjóra sem jafnframt er hafnarstjóri.

## Skipan bæjarráðs

Í hafnarstjórn eiga sæti **fimm fulltrúar**, sem bæjarstjórn kýr til fjögurra ára, í júní ár hvert skv. ákvæðum **sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa á **bæjarstjóri** rétt á að sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.. Hafnarstjórn kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og ritara á fyrsta fundi sínum.

## Hlutverk

Hlutverk hafnarstjórnar er:

- að fara með hafnarstjóra með daglegan rekstur Stykkishólmshafnar,
- að vinna ásamt hafnarstjóra/bæjarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar fyrir Stykkishólmshöfn,
- að gera tillögur um úrbætur til bæjarstjórnar á starfsemi Stykkishólmshafnar,
- að vinna drög að fjárhagsáætlun hvers árs og þriggja ára áætlun, fyrir hafnarsjóð,
- að hafa eftirlit með því að einstakir rekstrarliðir í fjárhagsáætlun hafnarsjóðs séu í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun á hverjum tíma,

## Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Hafnarstjórn kemur saman fyrir **luktum dyrum**. Nefndin skal leggja drög að fundaplani sínu að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Hafnarstjórn skal halda **gerðarbók**. Fundarritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Fundargerðum kemur formaður hafnarstjórnar til ritari bæjarstjóra sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður hafnarstjórnar eða hafnarstjóri sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **tveimur sólarhring fyrir fund**.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti hafnarstjórnar er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

## Eftirfylgni

Formaður hafnarstjórnar og aðrir stjórnarmenn skulu **snúa sér til bæjarstjóra** með eftirfylgni staðfesta samþykka hafnarstjórnar.

## Réttindi og skyldur stjórnarmanna

Um réttindi og skyldur hafnarstjórnarmanna gilda ákvæði **sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**, eftir atvikum.

Fulltrúa í hafnarstjórn er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann hafnarstjórnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver hafnarstjórnarmaður á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til formanns eða hafnarstjóra a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Hafnarstjórnarmenn skulu **hafa hag Stykkishólmshafnar að leiðarljósi** við störf sín í hafnarstjórn en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og **samþykktum um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** í atkvæðagreiðslu um málefni í hafnarstjórn.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir hafnarstjórn og ætla má að eigi leynt að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 hafnarstjórnar, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi í hafnarstjórn skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal hafnarstjórn taka mið af þeim *lögum og reglugerðum*, sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó gildandi *hafnalögum* á hverjum tíma. Þá skal hafnarstjórn fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar* eins og þau eru hverju sinni.